

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 35 ? 09.08. 2004

Mánudaginn 9. ágúst, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Margeir Friðriksson, sem ritaði fundargerð. Einnig mætti Kristján Jónasson endurskoðandi félagsins á fundinn

DAGSKRÁ:

1. Ársreikningur Skv. fyrir árið 2003 áritaður og tímasetning aðalfundar Skagafjarðarveitna ehf ákveðin.
2. Samningur við Hólaskóla varðandi sjótöku fyrir Verið.
3. Samningar við landeigendur vegna borunar við Kýrholt.
4. Bréf sem borist hafa.
5. Kaldavatnsmál í Háuhlíð.
6. Staða framkvæmda.
7. Innheimtumál ? greiðsluseðlar, kröfupottur, Intrum.
8. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kristján Jónasson, endurskoðandi hjá KPMG kom á fundinn og kynnti ársreikning Skagafjarðarveitna fyrir árið 2003. Stjórnarmenn árituðu síðan reikninginn. Samþykkt að að halda aðalfund fyrir árið 2003 þann 17. ágúst nk.. Veitustjóra falið að boða fundinn.
2. Rætt um borun og sjótöku á Eyrinni fyrir Verið og fyrirhugaðan samning við Háskólann á Hólum þar um.
3. Stjórnin ásamt Kristjáni Jónassyni fór yfir drög að samningi við landeigendur í Kýrholti vegna borunar eftir heitu vatni í landi jarðarinnar.

Kristján vék af fundi.

4. Bréf sem borist hafa:
 - a) Bréf frá Lionsklúbbunum í Skagafirði, dagsett 4. júní 2004, þar sem þakkaður er stuðningur við framkvæmd Lionsþings á Sauðárkróki 28.-29. maí 2004.
 - b) Bréf frá Norðurorku dagsett 9. júní 2004, þar sem fram kemur áhugi á viðræðum við forsvarsmenn Skagafjarðarveitna um veitumál. Stjórn Skagafjarðarveitna er tilbúin til viðræðna við Norðurorku og felur Páli veitustjóra að svara bréfinu.
 - c) Bréf frá Náttúrustofu Norðurlands vestra dagsett 25. júní 2004, þar sem þökkun er móttaka ráðstefnugesta.
5. Samþykkt að hefja úrbætur á kaldavatnsmálum í Háuhlíð.
6. Páll Pálsson kynnti stöðu framkvæmda.

7. Innheimtumál. Páll kynnti að Skagafjarðarveitur muni breyta innheimtumáta sínum með haustinu og fara að innheimta orkureikninga með greiðsluseðlum.

8. Önnur mál. Rætt um vatnsmál í Veðramótslandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10